

5. fundur verkefnastjórnar Sóknaráætlunar - 2016

Austurvegi 56 - Selfossi, 31. ágúst, kl. 12:00

Mætt á fundinn; Sandra Dís Hafþórsdóttir formaður verkefnisstjórnar, Páll Marvin Jónsson, Sigurður Þór Sigurðsson og Bryndís Björk Hólmarsdóttir. Runólfur Sigursveinsson boðaði forföll. Einnig sátu fundinn Bjarni Guðmundsson og Þórður Freyr Sigurðsson sem jafnframt ritaði fundargerð.

Uppbyggingarsjóður:

1. Síðari úthlutun 2016

Umsóknarfrestur er til og með 27. september og ráðgert að úthlutun verði kunngjörð í byrjun október. Áætlað er að úthluta um 40 mkr. til nýsköpunar- og menningarverkefna í síðari úthlutun sjóðsins. Kynningarfundir eru ráðgerðir á 6 stöðum í landshlutanum að þessu sinni og verða auglýstir á næstu dögum.

Stefnumörkun og áhersluverkefni:

2. Áhersluverkefni

Á fundi samráðsvettvangs Sóknaráætlunar sem haldinn var 12. apríl sl. komu fram tillögurnar að 132 áhersluverkefnum sem uppfylltu stefnumörkun Suðurlands. Verkefnastjórnin flokkaði tillögurnar og ráðgjafar samstarfsaðila hafa unnið að frekari mótun þeirra. Einnig hefur verið unnið að yfirferð á skýrslum sem unnar hafa verið á málefnasviðum sóknaráætlunar sl. ár. Lagðar voru fyrir fundinn 15 verkefnatillögur úr vinnslu ráðgjafa og tvær aðsendar verkefnatillögur sem bárust í gegnum vef SASS. Niðurstaða á fundi verkefnastjórnar var að leggja til við stjórn SASS að eftirfarandi 8 verkefni að fjárhæð 19 m.kr. verði staðfest:

- *Ráðstefna ungmennaráða á Suðurlandi - gerð kynningarefnis/handbók; 1 m.kr.*
- *Starfamessa 2017; 6 m.kr.*
- *Greining á fjarnámsþörf á Suðurlandi; 3 m.kr.*
- *Sunnlenskar vörur - sameiginleg markaðssetning (1. áfangi); 2 m.kr.*
- *Strætó - markaðsgreining og kynning; 2 m.kr.*
- *Svæðisleiðsögn á Suðurlandi; 1,5 m.kr.*
- *Atvinnuskapandi nemendaverkefni; 4 m.kr.*
- *Suðurland - sjálfbært samfélag; 0,5 m.kr.*

Verkefnastjórn leggur til ofangreind 8 áhersluverkefni að fjárhæð 20 m.kr.

Fyrir á árinu var búið að staðfesta eftirfarandi áhersluverkefni:

- *Atlas kortasjá; 4 m.kr.*
- *Skaftárhreppur til framtíðar (Brothætt byggð í Skaftárhreppi); 3 m.kr.*
- *Framtíð háskólamenntunar á Suðurlandi – Málþing; 0,75 m.kr.*
- *Markaðsgreining Suðurlands, 2.áfangi; 2,25 m.kr.*

Samtals áður staðfest fjögur áhersluverkefni að fjárhæð 10 m.kr.

Alls er því búið að staðfesta 12 áhersluverkefni á yfirstandandi ári að fjárhæð 30 m.kr.

Almennt:

1. Fjárhagsáætlun

Farið var yfir fjárhagsstöðu verkefnisins og fjárhagsáætlun uppfærð til áramóta.

2. Starfsáætlun verkefnastjórnar

Áætlaðar dagsetningar næstu funda verkefnastjórnar; fim. 6. október, fim. 3. nóvember og fim. 1. desember.

3. Samskipti við ráðuneyti o.fl.

Til upplýsingar 25. og 26. fundargerð stýrinets stjórnarráðsins um byggðamál.

4. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 15:20.